

# Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 1. desember 2022

Mál nr. S-2564/2021:

## Ákærvaldið

(Halldór Rósmundur Guðjónsson saksóknari)

gegn

**Halldóri Úlfari Halldórssyni**

(Kristján Gunnar Valdimarsson lögmaður)

## Dómur:

### I

Mál þetta, sem tekið var til dóms 15. nóvember 2022, að lokinni aðalmeðferð, er höfðað af héraðssaksóknara með ákæru útgefinni 16. desember 2021 á hendur ákærða Halldóri Úlfari Halldórssyni, kt. 000000-0000, [...], fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum.

Ákærða er gefið að sök að hafa staðið skil á efnislega röngum skattframtölum, gjaldárin 2017, 2018 og 2019 vegna tekjuáranna 2016, 2017 og 2018, með því að hafa láta undir höfuð leggjast að telja fram á skattframtölum sínum fyrrgreind ár, tekjur að fjárhæð kr. 161.715.277 frá einkahlutafélaginu Smíðalandi, sem skattskyldar eru samkvæmt 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, sbr. einnig 19. og 21. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, en með því komst ákærði hjá því að greiða tekjuskatt og útsvar, að fjárhæð samtals kr. 71.212.813, sem sundurliðast sem hér greinir:

### Tekjuárið 2016:

Framtalinn tekjuskatts- og útsvarsstofn:	kr.	0
Vanframtaldar tekjur frá Smíðalandi ehf.	kr.	15.698.610

Tekjuskattur, skattprósenta 22,68%	kr.	914.553
Útsvar, útsvarsprósenta 14,48%	kr.	583.894
(Tekjur af stofni að kr. 4.032.420)		

Tekjuskattur, skattprósenta 23,90%	kr.	1.436.739
Útsvar, útsvarsprósenta 14,48%	kr.	870.459

(Tekjur af stofni kr. 4.032.421-10.043.880)

Tekjuskattur, skattprósenta 31,80%	kr.	1.798.204
Útsvar, útsvarsprósenta 14,48%	kr.	818.805
(Tekjur af stofni yfir kr. 10.043.880)		

---

Ónýttur persónuafsláttur (623.042)	kr.	623.042
------------------------------------	-----	---------

<b><i>Vangreiddur tekjuskattur og útsvar samtals:</i></b>	<b><i>kr.</i></b>	<b><i>5.176.570</i></b>
-----------------------------------------------------------	-------------------	-------------------------

---

### **Tekjuárið 2017:**

Framtalinn tekjuskatts- og útsvarsstofn:	kr.	1.522.992
Vanframtaldar tekjur frá Smíðalandi ehf	kr.	90.696.659

---

Tekjuskattur, skattprósenta 22,50%	kr.	1.911.037
Útsvar, útsvarsprósenta 14,48%	kr.	1.229.858
(Tekjur af stofni að kr. 10.016.488)		

Tekjuskattur, skattprósenta 31,80%	kr.	26.140.606
Útsvar, útsvarsprósenta 14,48%	kr.	11.903.018
(Tekjur af stofni yfir kr. 10.016.488)		

---

Ónýttur persónuafsláttur (634.880)	kr.	71.678
------------------------------------	-----	--------

<b><i>Vangreiddur tekjuskattur og útsvar samtals:</i></b>	<b><i>kr.</i></b>	<b><i>41.112.841</i></b>
-----------------------------------------------------------	-------------------	--------------------------

---

### **Tekjuárið 2018:**

Framtalinn tekjuskatts- og útsvarsstofn:	kr.	3.426.732
Vanframtaldar tekjur frá Smíðalandi ehf	kr.	55.320.008

---

Tekjuskattur, skattprósenta 22,50%	kr.	1.642.010
Útsvar, útsvarsprósenta 14,48%	kr.	1.056.724
(Af stofni að kr. 10.724.554)		

Tekjuskattur, skattprósenta 31,80%	kr.	15.271.055
------------------------------------	-----	------------

Útsvar, útsvarsprósenta 14,48% (Af stofni yfir kr. 10.724.553)	kr.	6.953.613
-------------------------------------------------------------------	-----	-----------

Ónýttur persónuafsláttur (646.739)	kr.	0
------------------------------------	-----	---

<b><i>Vangreiddur tekjuskattur og útsvar samtals:</i></b>	<b>kr.</b>	<b>24.923.402</b>
-----------------------------------------------------------	------------	-------------------

---

**Samtals vanframtaldar tekjur: kr. 161.715.277**

**Samtals vangreiddur tekjuskattur og útsvar: kr. 71.212.813**

Framangreint brot ákærða telst varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði var upphaflega einnig ákærður fyrir peningþvætti en undir rekstri málsins féll ákæruvaldið frá þeim lið ákærunnar.

Ákærði krafðist þess að málinu yrði vísað frá dómi og með úrskurði dómsins 16. júní sl. var fallist á þá kröfu ákærða en úrskurðurinn var kærður til Landsréttar. Með úrskurði Landsréttar 28. sama mánaðar í máli réttarins nr. 379/2022 var úrskurður héraðsdóms felldur úr gildi og lagt fyrir dóminn að taka málið til efnismeðferðar.

## II

### ***Málavextir:***

Skattrannsóknarstjóri ríkisins hóf 6. nóvember 2018 formlega rannsókn á tekjum og skattskilum ákærða vegna tekjuáranna 2016 og 2017 en síðar var ákveðið að rannsóknin tæki einnig til tekjuársins 2018. Með bréfi 28. nóvember 2019 var ákærða send skýrsla skattrannsóknarstjóra um rannsóknina og gefinn kostur á andmælum áður en tekin yrði ákvörðun um framhald málsins. Engar athugasemdir bárust frá ákærða.

Ákærði stóð skil á skattframtölum vegna tekjuáranna 2016, 2017 og 2018 og niðurstaða rannsóknar skattrannsóknarstjóra var sú að framtölin hafi verið efnislega röng og ákærði

hafi vanframtalið tekjur frá Smíðalandi ehf. tilgreind ár samtals að fjárhæð 321.809.589 krónur. Þessar tekjur bæri að skattleggja samkvæmt A-lið 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Þá hafði ákærði auk þess fengið launagreiðslur frá Smíðalandi ehf. að fjárhæð 1.586.448 krónur á árinu 2017 og 3.569.508 krónur á árinu 2018. Hvorki ákærði né A, sem hafði aðgang að bankareikningi Smíðalands ehf., vildu skýra greiðslurnar frá Smíðalandi ehf. til ákærða sem hann hafði ekki gert grein fyrir á skattframtölum sínum í skýrslutökum hjá skattrannsóknarstjóra. Þá kom lögboðið bókhald félagsins ekki fram og það vanrækti framtalsskyldu sína. Smíðaland ehf. var úrskurðað gjaldþrota 2. maí 2019 og bókhald félagsins fékkst ekki afhent og það skilaði hvorki skattframtölum né ársreikningum vegna rekstraráranna 2017 og 2018.

Rannsóknin leiddi í ljós að ákærði tók út af bankareikningum sínum á árunum 2016, 2017 og 2018 tæplega 252.000.000 króna í reiðufé og þá voru millifærðar af reikningunum til nafngreindra aðila og þá aðallega einstaklinga 67.451.959 krónur. Skattrannsóknarstjóri taldi nærtækustu skýringuna á reiðufjárúttektunum vera þá að um væri að ræða launagreiðslur eða greiðslur til verktaka sem ekki hafi verið gefnar upp til skatts og ef til vill í þágu Smíðalands ehf. Skoðun á bankareikningum ákærða sýndi að í kjölfar innborgana félagsins á reikninga ákærða tók hann út álíka fjárhæðir í reiðufé. Taldi skattrannsóknarstjóri að samband inngreiðslna frá Smíðalandi ehf. og reiðufjárúttekta ákærða samkvæmt bankayfirlitum væri ekki nægjanleg staðfesting þess að um hafi verið að ræða ráðstöfun fjár til greiðslu á útgjöldum félagsins. Þar sem hvorki bókhald né skattskilagögn Smíðalands ehf. lágu fyrir og hvorki ákærði né A vildu svara spurningum um greiðslur frá félaginu til ákærða var ekki unnt að upplýsa nánar hvert hafi verið tilefni þeirra. Niðurstaða skattrannsóknarstjóra var því sú að telja bæri greiðslurnar til tekna er falli undir 1. tölulið A-liðar 7. gr. laga nr. 20/2003, sem greiðslur fyrir þjónustu, sbr. 1. mgr. ákvæðisins eða jafnvel sem óheimil lán, sbr. 3. mgr. ákvæðisins, eða eftir atvikum jafnframt að hluta tekjur samkvæmt 4. tölulið A-liðar 7. gr. sem beinar gjafir í peningum.

Með úrskurði 20. október 2020 endurákvæðaði ríkisskattstjóri opinber gjöld ákærða vegna gjaldáranna 2017, 2018 og 2019. Gjaldárið 2017 var ákveðið að hækka stofn ákærða til tekjuskatts og útsvars um 15.698.610 krónur en stofninn hafði verið 0. Gjaldárið 2018 var stofninn hækkaður um 124.015.334 krónur en hann hafði verið

1.599.992 krónur. Loks var stofninn hækkaður gjaldárið 2019 um 182.095.645 krónur en hann hafði verið 3.426.732 krónur. Á mismun álagningar og staðgreiðslu var reiknað 2,5% verðbótaálag samkvæmt 122. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Með bréfi dags. 21. febrúar 2020 vísaði skattrannsóknarstjóri málinu til héraðssaksóknara. Í bréfinu kemur fram að tölulegar niðurstöður rannsóknar skattrannsóknarstjóra hafi verið þær að vanframtaldar tekjur ákærða árin 2016, 2017 og 2018 hafi verið samtals 321.809.589 krónur.

Ákærði gaf fyrst skýrslu hjá héraðssaksóknara 5. nóvember 2020. Hann sagði að A verið eigandi og framkvæmdastjóri Smíðalands ehf. á rannsóknartímabilinu og borið fulla ábyrgð á félaginu þ.m.t. að sækja verkefni fyrir það. Ákærði hafi gefið út reikninga fyrir Smíðaland ehf. og það hafi verið það eina sem hann hafi gert hjá fyrirtækinu en hann hafi líklega farið þar út 5. janúar 2019. Ákærði kvaðst ekki hafa haft aðgang að bankareikningum Smíðalands ehf., ekki verið með prókúru og því ekki haft umboð til að gera eitthvað fyrir félagið. Ákærði kvaðst gera ráð fyrir að A hafi annast skattskil fyrir Smíðaland ehf. vegna rekstraráranna 2017 og 2018. Ákærði sagði að helsta starfsemi félagsins hafi verið að selja menn út í verktöku til annarra verktaka og þegar mest hafi verið hafi nokkrir tugir starfsmanna verið hjá félaginu. Ákærði kvaðst hafa þegið laun hjá Smíðalandi ehf. og miðað hafi verið við að um fullt starf væri að ræða og laun hans verið 346.000 krónur á mánuði og A hafi ákveðið launafjárhæðina. Ákærði vildi ekki tjá sig um færslu bókhalds fyrir Smíðaland ehf. en hann hafi þó alla vega ekki séð um það.

Ákærði vildi ekki tjá sig um greiðslur frá Smíðalandi ehf. til hans á árunum 2016, 2017 og 2018 en samtals var um að ræða um 327.000.000 króna. Hann taldi að uppgöfin laun á hann frá félaginu árin 2017 og 2018 væru þau laun sem hann hafi fengið greidd og skattframtöl hans fyrir árin 2016-2018 gæfu rétta mynd af tekjum, eignum og skuldum hans á hverjum tíma. Ákærði vildi ekki tjá sig um hvort hann gæti lagt fram gögn sem sýndu fram á kostnað sem hann hefði greitt fyrir Smíðaland ehf. og ekki hvort hann hafi verið að greiða verkamönnum laun í reiðufé. Þá vildi hann ekki heldur tjá sig um þá niðurstöðu að vanframtaldar tekjur hans á árunum 2016-2018 væru 321.809.589 krónur.

Ákærði gaf næst skýrslu hjá héraðssaksóknara 8. janúar 2021 og þar var honum kynnt að innborganir á bankareikninga hans frá Smíðalandi ehf. á árunum 2016-2018 hafi verið samtals 327.047.536 krónur og í framhaldi af því hafi verið teknar út í reiðufé 251.891.278 krónur og 67.451.959 krónur hafi verið millifærðar inn á 21 einstakling og fjóra lögaðila eða samtals 319.343.237 krónur. Ákærði sagði að það væri búið að ákveða að þetta væru tekjur hjá honum og hvort honum væri þá ekki frjálst að ráðstafa þessum fjármunum. Ákærða var kynnt að A hafi lýst því að greiðslur til ákærða væru greiðslur til félagsins Jibb ehf. vegna veittrar þjónustu við Smíðaland ehf., starfsmannamál og bókhald. Reyndar hafi greiðslurnar farið til ákærða en ekki til Jibb ehf. Ákærði óskaði þá eftir því að hlé yrði gert á skýrslutökunni og hann fengi að mæta aftur til skýrslutöku þar sem hann ætlaði að leggja fram gögn sem sýndu hvað hefði orðið um fjármunina.

Við skýrslutöku 27. janúar 2021 afhenti ákærði héraðssaksóknara rafræn gögn þ.e. launaseðla, tímaskýrslur og uppgjörsblað vegna rekstrar 2findjob ehf. en það félag var í eigu A eiganda Smíðalands ehf. Ákærði kvaðst telja að þessi gögn myndu varpa ljósi á úttektir hans í reiðufé á árunum 2016-2018. Ákærði afhenti síðan frekari gögn 15. febrúar 2021 varðandi launagreiðslur og ráðstöfun á reiðufé sem tekið var út af bankareikningum hans.

Í skýrslutökunni 27. janúar 2021 sagði ákærði að allt það reiðufé sem hann hafi tekið út hafi hann afhent A og megnið af því hafi farið í að greiða yfirvinnu erlendra starfsmanna Smíðalands ehf. Þessi fjármunir hafi því ekki lent hjá ákærða og því væri þetta ekki hans tekjur. Þetta hafi byrjað þannig að A hafi tekið að sér lítið verk fyrir ÍAV en hann ekki verið með fyrirtækiskennitölu og hann hafi persónulega verið með skuld á sér frá Noregi. Því hafi verið ákveðið að gefa út reikninga í nafni Jibb ehf. en félagið hafi ekki verið með bankareikning og því hafi persónulegi bankareikningur ákærða verið notaður. Ákærði hafi síðan tekið fjármunina út eða millifært á A. Í byrjun hafi átt að bjarga hlutunum með þessum hætti og koma þessu einhvern veginn af stað. Það hafi gengið vel og starfsmönnum fjölgað en síðan hafi þetta farið úr böndunum. Ákærði kvaðst í fyrstu ekki hafa verið starfsmaður hjá A en orðið það í september 2017. Ákærði sagði að millifærslur frá honum inn á 2findjob ehf. væru vegna dagvinnu starfsmanna Smíðalands ehf. en það sem hann hafi tekið út í reiðufé hafi verið vegna yfirvinnu sömu starfsmanna. Ákærði sagði að hans hlutverk hafi verið að halda utan um tíma, gefa út reikninga vegna

unninna tíma og sjá um launauppgjör. Hann hafi einnig haldið utan um yfirvinnu með nöfnum og kennitölu. Hann hafi hins vegar ekki annast bókhald né bókað reikninga. Ákærði vildi ekki tjá sig um þær tæplega 70.000.000 króna sem hann hafi millifært á aðra aðila en hugsanlega hafi þetta bara verið tekjur á hann. Flestir sem hann hafi greitt til væru tengdir honum fjölskylduböndum eða öðrum nánum böndum.

Héraðssaksóknari greindi þau gögn sem ákærði afhenti embættinu í þeim tilgangi að athuga hvort framburður hans ætti við rök að styðjast. Sú greining leiddi m.a. í ljós að greiðslur frá Smíðalandi ehf. til ákærða voru á árunum 2016 til 2018 samtals 321.809.589 krónur og hann greiddi af því 160.094.312 krónur til starfsmanna 2findjob ehf. Þannig að vanframtaldar tekjur ákærða á fyrrgreindum árum voru taldar 161.715.277 krónur sem er í samræmi við ákæru.

Ákærði gaf loks skýrslu hjá héraðssaksóknara 4. mars 2021 sem varðaði aðallega þau gögn sem hann afhenti héraðssaksóknara, sbr. framanritað. Aðspurður um millifærslur á aðra aðila, sem voru samtals 67.451.959 krónur á árunum 2016-2018, sagði hann að þetta væri í einhverjum tilfellum lán og í einhverjum tilfellum hafi hann verið að greiða skuldir. Ákærði hafi verið að lána fjármuni sem hann hafi átt sjálfur en samkvæmt samkomulagi við A hafi ákærði átt hluta af þeim peningum sem hann hafi fengið frá Smíðalandi ehf. Hann taldi að hann hafi þegið 40.000.000 til 50.000.000 króna og það hafi verið greiðsla fyrir vinnu. Það hafi ekki verið samningur um þetta en þetta hafi bara þróast svona og verið ákveðið í hvert og eitt skipti. Ákærði taldi að um 67.000.000 króna væru vanframtaldar tekjur hjá honum á árunum 2016-2018. Ákærði kvaðst ekki hafa gögn sem staðfestu að hann hafi afhent A reiðuféð fyrir utan uppgjörslöðin en hann taldi að 60-70% af reiðufénu hafi farið í að greiða erlendum starfsmönnum laun. Ákærði sagði að A hafi aðallega notið ávinnings af því fyrirkomulagi sem hann og ákærði hafi notað við launagreiðslur og fleira en A eigi mikið af eignum. Það sem ákærði hafi gert í þessu ferli hafi verið samkvæmt beiðni A og peningaúttektirnar væru væntanlega ekki löglegar.

### III

#### *Framburður ákærða og vitna fyrir dómi.*

Ákærði kvaðst hafa starfað hjá Smíðalandi ehf. við verkefnastjórn af einhverju tagi m.a. að skipuleggja menn á verkstæði og stundum hafi hann aðstoðað við launaútreikninga.

Hann kvaðst líklega hafa gert skattframtöl sín árin 2017, 2018 og 2019 þó hann myndi það ekki. Hann kvaðst gera ráð fyrir að tekjur fyrir þessi ár væru rétt tilgreindar á framtölunum. Ákærði kannaðist við að hafa tekið á móti miklum fjármunum frá Smíðalandi ehf. en hann mundi ekki fjárhæðir í því sambandi. A hafi millifært á ákærða. Hann sagðist hafa afhent A allt það reiðufé sem ákærði hafi tekið út af bankareikningum sínum til að greiða yfirvinnu starfsmanna. Þá sagðist ákærði hafa millifært fjármuni á aðra einstaklinga en þar hafi m.a. verið um að ræða laun fyrir Smíðaland ehf., lán, greiðslur vegna bílaviðskipta og greiðslur á húsaleigu en milljónir gætu hafa orðið eftir á reikningum ákærða. Hann kvaðst hafa átt þessa fjármuni sem hann hafi millifært á aðra fyrir utan það sem hafi verið greitt vegna launa. Þegar ákærði hafi byrjað að taka við fjármunum frá Smíðalandi ehf. á bankareikninga sína hafi ekki frá upphafi verið haldið utan um þær greiðslu og það séu ekki til gögn sem sýni hvernig þessum fjármunum hafi síðan verið ráðstafað. Ákærði kvaðst ósammála því að 161.715.277 krónur væru vanframtaldar tekjur hjá honum árin 2016-2018 en hann kvaðst hafa tekið við nokkrum milljónum persónulega. Hann kvaðst telja að það vantaði á yfirlitin, sem hann lagði fram, um greiðslur til starfsmanna um 20.000.000 til 30.000.000 króna.

Ákærði kvaðst lítið hafa viljað segja í byrjun rannsóknar á málinu vegna þess að þeir sem tengist málinu séu flestir tengdir ákærða á einhvern hátt og hann hafi ekki viljað koma þeim í vandræði en A sé til að mynda móðurbróðir ákærða. Ákærði hafi því ekki greint rétt frá atvikum í byrjun.

Vitnið, A, sagði að ákærði væri systursonur vitnisins og hafi starfað hjá Smíðalandi ehf. Hann hafi starfað á skrifstofu við bókhald og launaútreikninga og haft tölvukerfi til þess. Ákærði hafi séð um alla tölvuvinnu í sambandi við laun og þau verið greidd í gegnum heimabanka af vitninu. Ákærði hafi haft aðgang að heimabanka Smíðlands ehf. en millifærslur félagsins til ákærða hafi verið vegna þess að hann hafi séð um margt fyrir félagið og greitt hafi verið til hans í samræmi við það. Vitnið sagði að greitt hafi verið bæði til ákærða persónulega og til fyrirtækis hans en hann og fyrirtækið hafi verið með sameiginlegan bankareikning. Vitnið kvaðst ekki vita um hvaða fjárhæðir væri að ræða og það gat ekki svarað því hvað hafi orðið um það reiðufé sem ákærði hafi tekið út af bankareikningum sínum. Vitnið gat ekki svarað því hvað ákærði hafi fengið í laun hjá

Smíðalandi ehf. Vitnið kvaðst hafa annast starfsmannamál og haldið utan um viðskiptavinum hjá félaginu.

Vitnið, lögreglumaður nr. B, kvaðst hafa unnið að rannsókn á málefnum Smíðalands ehf. og 2findjob ehf. Ákærði hafi ekki gefið skýringar á fjármálum félaganna hjá skattrannsóknarstjóra né í fyrstu hjá héraðssaksóknara. En í einni skýrslutökunni hafi ákærði óskað eftir að hlé yrði gert á yfirheyrslunni þar sem hann vildi koma síðar með gögn sem skýra ættu innborganir á hans persónulegu bankareikninga. Ekki hafi komið fram skjal um ráðstöfun fjármuna árið 2016. Vitnið mundi ekki hvort það hafi verið skoðað hvert þeir fjármunir hafi farið sem ekki hafi fundist skýring á.

Vitnið, C sérfræðingur, sagði að um hefðbundna rannsókn á skattamáli hafi verið að ræða. Við upphaf rannsóknar hafi ákærði lítið tjáð sig en síðar hafi hann óskað eftir fresti til að leggja fram gögn. Hann hafi lagt fram excel skjal og fleiri skjöl sem hafi átt að skýra úttektir af bankareikningi hans. Þessi gögn hafi verið skoðuð og dregin ályktun af þeim. Niðurstaðan hafi verið sú að draga frá þeirri fjárhæð sem skattrannsóknarstjóri hafi talið vera vanframtalin laun það sem ákærði hefði greitt til starfsmanna. Vitnið sagði að skýrslur hafi verið teknar af nokkrum aðilum sem ákærði hafði millifært inn á en það hafi verið lítið um svör hjá þeim. Þá hafi A ekki viljað kannast við kaup á rafmyntum og fasteignum í Dubai og færslur á bankareikningum hans hafi ekki bent til slíkra viðskipta.

#### IV

##### ***Kröfur og sjónarmið ákærða:***

Verjandi ákærða skilaði greinargerð og þar er aðallega gerð sú krafa að ákærði verði sýknaður en til vara, komi til sakfellingar, er krafist vægustu refsingar sem lög frekast heimila. Þá er þess krafist að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði þ.m.t. málsvarnarlaun verjandans samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Ákærði segir að þrátt fyrir að hann hafi tekið á móti greiðslum frá Smíðalandi ehf. hafi þar ekki verið um tekjur að ræða hjá honum. Þessir fjármunir hafi runnið til A eða aðila sem hann vísaði á og það sé ótrúverðugt að laun ákærða hjá Smíðalandi ehf. hafi verið um 321.000.000 krónur. Ákærði segir að það sé viðurkennt af hálfu héraðssaksóknara að ákærði hafi tekið á móti um 160.000.000 króna frá Smíðalandi ehf. og komið þeim áfram

til starfsmanna 2findjob ehf. en hins vegar hafi ekki verið viðurkennt að sama eigi við um þá fjárhæð sem ákært er vegna. Ákærði telur að það sé ósannað að um sé að ræða vantaldar tekjur hjá honum. Færsla á milli bankareikninga dugi ekki ein og sér til þess að telja að um tekjur sé að ræða hjá ákærða. Ekkert bendi til þess að um 161.000.000 króna séu launatekjur hans. Um 67.000.000 króna hafi verið millifært frá ákærða til nafngreindra aðila en sé samt talið sem tekjur hjá honum.

## V

### *Niðurstaða:*

Ákærða er gefið að sök að hafa vanframtalið tekjur sínar á árunum 2016-2018 um 161.715.277 krónur og með því komið sér hjá að greiða tekjuskatt og útsvar samtals að fjárhæð 71.212.813 krónur. Samkvæmt gögnum málsins voru millifærðar frá Smíðalandi ehf. og inn á bankareikninga ákærða á þessum árum 327.047.536 krónur en að teknu tilliti til skýringa sem skattrannsóknarstjóri tók gildar var um að ræða 321.809.589 krónur. Skattrannsóknarstjóri taldi að um væri að ræða vanframtaldar launatekjur og voru opinber gjöld endurákvörðuð á ákærða í samræmi við síðastnefndu fjárhæðina af hálfu Skattsins. Ákærði lét ekki reyna á réttmæti þeirrar ákvörðunar fyrir yfirskattanefnd eða eftir atvikum fyrir dómstólum.

Samkvæmt skattframtali ákærða taldi hann engar tekjur fram árið 2016 hvorki frá Smíðalandi ehf. né öðrum. Árið 2017 taldi hann fram 1.586.448 krónur í tekjur frá Smíðalandi ehf. en ekki aðrar tekjur. Árið 2018 taldi hann fram 3.569.508 krónur í tekjur frá Smíðalandi ehf. en ekki aðrar tekjur. Það þykir ótrúverðugt að ákærði hafi ekki haft meiri tekjur á þessum árum og það er ekki heldur trúverðugt að hann hafi ekki haft meiri tekjur frá Smíðalandi ehf. á þessum árum miðað við þá óútskýrðu fjármuni sem voru lagðir inn á bankareikninga ákærða frá félaginu á þessu tímabili. Með hliðsjón af rannsóknargögnum og framburði ákærða sjálfs þykir mega fullyrða að ákærði hafi tekið við frá Smíðalandi ehf. á fyrrgreindum árum og hagnýtt sér mun hærri fjárhæð en hann taldi til launatekna á skattframtölum sínum. Ákærði hefur ekki gefið skýringar á ráðstöfun þessara fjármuna.

Framtalsskylda hvíldi á ákærða og jafnframt skylda til að skýra rétt frá tekjum og eignum, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Það gerði ákærði hins vegar ekki og

þar með hefur hann gerst sekur um stórkostlegt hirðuleysi. Um leið og ákærði skilaði efnislega röngum skattframtölum var brot hans fullframið. Ákærði hefur viðurkennt að hafa tekið við töluverðum fjármunum frá Smíðalandi ehf. og ráðstafað í eigin þágu án þess að hafa gert grein fyrir því á skattframtölum sínum. Hann hefur hins vegar mótmælt því að þar sé um að ræða þá fjárhæð sem ákært er vegna án þess að tiltaka það nákvæmlega hver sú fjárhæð sé sem hann hafi tekið við frá Smíðalandi ehf. og ekki gert grein fyrir.

Þegar málið kom til rannsóknar hjá héraðssaksóknara afhenti ákærði m.a. yfirlit yfir yfirvinnu starfsmanna hjá 2findjob ehf. og skýrði frá því að starfsmönnum hefði verið greitt fyrir yfirvinnu með reiðufé sem ákærði hafi tekið út af bankareikningum sínum. Var fallist á að hálfu héraðssaksóknara að greitt hefði verið til starfsmanna með þessum hætti 160.094.312 króna og vanframtaldar launatekjur ákærða væru því 161.715.277 króna (321.809.589 – 160.094.312) eins og ákært er fyrir. Ákærði kvaðst hafa afhent forsvarsmanni Smíðalands ehf. allt það reiðufé sem hann hafi tekið út af bankareikningum sínum og þá hefur hann viðurkennt að hafa millifært af sínum bankareikningum yfir á einstaklinga og lögaðila. Samkvæmt gögnum málsins er þar um að ræða 67.451.959 krónur á árunum 2016-2018. Ákærði sagði að þar væri um að ræða m.a. laun fyrir Smíðaland ehf., lán og greiðslur vegna bílaviðskipta og húsaleigu. Ákærði kvaðst hafa átt þessa fjármuni fyrir utan það sem hafi verið vegna launa. Þrátt fyrir fullyrðingar ákærða um að hann hafi afhent forsvarsmanni Smíðalands ehf. allt reiðuféð, sem ákærði tók út af bankareikningi sínum, hefur hann ekki lagt fram nein gögn til staðfestingar á því. Þá hefur ákærði fullyrt að nær allt það fé sem hafi farið inn á bankareikninga hans hafi verið ráðstafað í þágu Smíðalands ehf. eða annarra og það hafi ekki getað orðið eftir á bankareikningum hans nema nokkrar milljónir sem hann hafi þá væntanlega ráðstafað í eigin þágu. Sú fjárhæð sem ákært sé vegna geti alls ekki talist til launatekna ákærða. Ákærði hefur hins vegar ekki getað gert fullnægjandi grein fyrir því hvernig öllum þeim fjármunum sem Smíðaland ehf. greiddi inn á bankareikninga hans á árunum 2016-2018 hafi verið ráðstafað. Í greinargerð verjanda ákærða er til að mynda ekki gerð tilraun til þess að gefa skýringar á þessu. Það stendur að sjálfsögðu ákærða næst að gera grein fyrir því hvernig hann hefur ráðstafað fjármunum sem hafa farið í gegnum bankareikninga hans. Hann getur ekki ætlast til þess að aðrir geti rannsakað það til hlítar án þess að hans upplýsingagjöf og skýringar komi til. Það dugar ekki ákærða að

fullyrða að allir þessir fjármunir eða mikill meirihluti þeirri hafi verið greiddir í þágu Smíðalands ehf. án þess að geta stutt þessar fullyrðingar fullnægjandi gögnum. Hvað þetta varðar er ekki hægt að byggja á fullyrðingum ákærða einum saman.

Í framburði ákærða fyrir dómi og við munnlegan málflutning kom fram að ákærði teldi að forsvarsmaður Smíðalands ehf. hefði m.a. notað fjármuni sem hafi farið í gegnum bankareikninga ákærða og ekki hefur verið gerð grein fyrir til kaupa á fasteignum í Dubai og rafmyntum. Engin staðfesting á slíkum fullyrðingum liggur fyrir og það verður að telja frekar ólíklegt að reiðufé að verulegri fjárhæð, sem búið er að taka út úr bönkum, sé lagt aftur inn á bankareikninga þannig að hægt sé að rekja slóð fjármunanna. Ekkert hald er því í slíkum fullyrðingum ákærða.

Þeir, hvort sem er einstaklingar eða lögaðilar, sem fá fjármuni í sínar hendur svo sem inn á bankareikninga sína verða að geta gert þar til bærum yfirvöldum grein fyrir uppruna fjármunanna og síðan ráðstöfun þeirra sé eftir því leitað með réttmætum hætti. Geti þeir það ekki mega þeir búast við viðbrögðum í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma. Ákærði hefur ekki gert fullnægjandi grein fyrir öllum þeim fjármunum sem greiddir voru inn á bankareikninga hans af Smíðalandi ehf. á árunum 2016-2018 en þar var um verulegar fjárhæðir að ræða. Verður því að telja að þar hafi annað hvort verið um lán eða launatekjur að ræða. Ekkert bendir til þess að um lán hafi verið að ræða og því verður fallist á það að um hafi verið að ræða launatekjur sem ákærða hafi borið að gera grein fyrir í samræmi við það. Hvað þetta varðar skal ítrekað að það stóð ákærða næst að gera fullnægjandi grein fyrir ráðstöfun þeirra fjármuna sem hann tók við frá Smíðalandi ehf. á ákærutímabilinu en það hefur hann ekki gert.

Að öllu ofanrituðu virtu og með hliðsjón af rannsóknargögnum málsins telst hafið yfir skynsamlegan vafa og þar með sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru.

Eins og fram er komið gerðist ákærði sekur um stórkostlegt hirðuleysi þegar hann skilaði efnislega röngum skattframtölum og þá lýtur brot hans að verulegum fjárhæðum. Brot ákærða er því stórfellt í skilningi 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Með vísan til þess er brot hans réttilega heimfært til refsíákvæða í ákæru og það varðar við 1.

mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Ákærði var dæmdur í sjö mánaða skilorðsbundið fangelsi í júlí 2012 fyrir skattsvik. Venja er fyrir því að í málum sem þessum sé refsing hvoru tveggja í formi refsivistar og sektar. Með hliðsjón af atvikum málsins og réttarframkvæmd þykir hæfilegt að ákærði sæti fangelsi í 15 mánuði en rétt þykir að fresta fullnustu á þessum hluta refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá skal ákærði greiða sekt í ríkissjóð og þykir m.a. með hliðsjón af því að nokkuð er um liðið síðan ákærði framdi brot sitt hæfilegt að hún nemi því sem næst tvöfaldri þeirri skattfjárhæð sem skotið var undan. Samkvæmt því skal ákærði greiða 142.500.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja en sæti ella fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Gunnars Valdimarssonar lögmanns, sem þykja með hliðsjón af tímaskýrslu lögmannsins og umfangi málsins hæfilega ákveðin 3.906.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Málsvarnarlaunin taka einnig til starfa verjandans á rannsóknarstigi málsins.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Halldór Rósmundur Guðjónsson saksóknari.

Ingi Tryggvason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **D Ó M S O R Ð:**

Ákærði, Halldór Úlfar Halldórsson, sæti fangelsi í 15 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði 142.500.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þess að telja en sæti ella fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Gunnars Valdimarssonar lögmanns, 3.906.000 krónur.

Ingi Tryggvason